Varpatferli skötuorms





Þorgerður Þorleifsdóttir[1,2], Þorleifur Eiríksson[1], Hilmar J. Malmquist[2] og Hrefna Sigurjónsdóttir[3].

[1] RORUM, [2] Náttúruminjasafn Íslands, [3] Háskóli Íslands.



Ljósmynd: Wim van Egmond 2019






Kort: Adam Hoffritz 2021

Útbreiðslukort skötuorms


Inngangur

Skötuormurinn (*Lepidurus arcticus*) er krabbadýr og stærsti hryggleysinginn í ferskvatni á Íslandi. Hann er norræn tegund, rándýr og hrææta, einær og lifir jafnt sem í djúpum vötnun og grunnum tjörnum. Hann finnst á heiðum uppi og á láglendi. Afar lítið er vitað um æxlunarhegðun hans. Hér er greint frá athugun í tilraunastofu sem beindist að því að athuga breytileika í varphegðun og hugsanleg tengsl við líkamsstærð.


1. mynd. Samband meðalfjölda eggja í urpt og stærð skjaldar.



2. mynd. Samband fjölda urpta á einstakling og stærð skjaldar



3. mynd. Samband fjölda verptra eggja og stærðar skjaldar




Aðferðir

Lifandi skötuormum var safnað í Veiðivötnum sumarið 1996, dýrin flutt á rannsóknastofu í Kópavogi og varpatferli dýranna rannsakað. Einstaklingar voru settir í ílát með vatni ásamt mosagrein til að verpa á og gefin fæða einu sinni á dag. Mosagreinar voru athugaðar daglega og egg á greinum talin. Alls voru 114 einstaklingar í gagnasafninu.

Niðurstöður

Eins og búast má við voru jákvæð tengsl á milli stærðar einstaklinga og fjölda eggja í urpt (1. mynd). Svo og milli stærðar og hversu oft dýrin verptu – stærri dýr verptu oftar en minni dýr (2. mynd). Heildarfjöldi eggja var því meiri hjá þeim stærri (3. mynd). Tími milli varpa var aftur á móti breytilegur meðal einstaklinga og óháður stærð þeirra (4. mynd), en algengast var að dýrin verptu með u.þ.b. tveggja sólarhringa millibili. Rannsóknin bendir til þess að líkamsstærð hafi áhrif á hegðun dýrsins og ákvarði bæði hversu mörgum eggjum er verpt hverju sinni og hversu oft. Stærri dýrin eru því líklega frjósamari og með meiri æxlunarárangur en þau minni. Þetta er í fyrsta skipti sem sýnt er fram á þetta hjá þessari tegund. Ýmislegt annað í umhverfi dýrsins og þroska skiptir eflaust einnig máli í þessu samhengi.

4. mynd. Meðal tími milli varpa í dögum (y-ás) á móti stærð (x-ás).



Heimildir
Þorgerður Þorleifsdóttir, 2018, Egg laying strategies in the Arctic tadpole shrimp (Lepidurus arcticus), BS ritgerð, Líf- og Umhvefisvísindadeild, Háskóli Íslands, 25 bls.
Ljósmynd: Wim van Egmond 2019
Kort: Adam Hoffritz 2021